

Mættir fundarmenn:

Hörður Helgi Helgson (formaður) (HHH)

Páll Þórhallsson (PÞ)

Aðalheiður Ámundadóttir (AÁ)

Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG)

Sigríður Hallgrímsdóttir (SH)

Elísabet Pétursdóttir (starfsmaður) (EP)

Fundargerð:

### 1) Vernd afhjúpenda

AÁ skilar roadmapa eftir hálfan mánuð.

PÞ hefur skilað af sér verkefni sínu. Hann fer inn á basecamp og hakar við að verkefninu sé lokið.

Þetta viðfangsefni heldur áfram að bíða eftir 14. júlí. Við biðum eftir afurðum frá EÝG og AÁ.

### 2) Samskiptavernd og vernd milliliða

PÞ svarar erindi frá EP. Sendir einnig á AÁ.

HHH nefnir að það væri fróðlegt að vita hvernig staðið er að þessu viðfangsefni á Norðurlöndunum. Aftur vísað til viðtals sem PÞ tók á sínum tíma þegar hans var fjölmiðlamaður. HHH kallar eftir upplýsingum um þetta fyrir næsta fund. AÁ ætlar að svara fyrir næsta fund hvers vegna gengið lengra í þessum efnum við lagasetningu á Íslandi en annarsstaðar.

Rætt um nýlegan dóm MDE (Delfi g. Eistlandi), frá 16. júní 2015, um athugasemd í kommentakerfi.

AÁ er ekki farin að skoða höfundarréttarlög v./ rafrænna viðskipta. AÁ kemur með afurðir vegna þess 12. ágúst 2015.

EP sendir frumvarpsdrög fyrir 14. júlí 2015.

### 3) Málskostnaður í málum er varða tjáningarfrelsi

Ekki bráðamál að mati PÞ, en þó athyglisvert.

PÞ athugar hvort Baldur Karl sé tilbúinn að láta ritgerðina sína af hendi til stýrihópsins.

#### 4) Fyrning meiðyrða

HHH og AÁ sammála um að ákvæði um hvenær fyrning hefst ætti að koma í 25. kafla alm. hgl.

AÁ bendir á að það sé erfitt að skoða þetta ítarlega áður en við höfum tekið afstöðu til þess hvort að það eigi að færa meðferð meiðyrðamála úr refsirétti í einkarétt.

Sett á frost í bili - þar til ljóst er hvort það eigi að færa þetta frá alm. hgl. í einkarétt.

#### 5) Afnám refsinga vegna ærumeiðinga

ÞP spyr hvort það eigi ekki að umorða ákvæði alm. hgl.

AÁ ræðir drög stýrihópsins. Þau er inni á basecamp-síðu stýrihópsins.

AÁ bendir á að þetta eru nokkrir þættir, t.d. fyrningarpunktur, á hvaða réttarsviði þetta á að vera, orðalag ákvæðanna, hvort rétt sé að hafa millistig.

EÝG bendir á að það skortir sátt um 26. gr. fjölmiðlalaga. Hún bendir á grein sína og KAX. Þetta er mjög pólitísk álitæfni. Hún bendir á að í Danmörku sér stjórnvæðingum alfarið um þessi mál. Í Bretlandi er nú þriðja síðanefndin að störfum þar sem hinar tvær hafa verið rúnar trausti.

Rætt um að það þurfi allsherjarstefnumótun um þennan málaflokk en hvort það sé verkefni sem rétt væri að stýrihópurinn tæki til sín. EÝG bendir á að þegar ákvæðið kom inn þá var því breytt mikið við þinglega meðferð.

ÞP spyr hvort það sé ekki nærtækt að efla fjölmiðlanefnd og styrkja þar með 26. gr.

ÞP bendir á að mörk blaðamennsku og auglýsinga verða sífellt óljósari. EÝG upplýsir um að Neytendastofa er lengra komin með sínar reglur en fjölmiðlanefnd.

Rætt um að það skortir oft á að það sé tekið fram hver tengsl álitsgjafa séu við stjórn málaöfl.

Við ætlum öll að lesa skýrslu refsiréttarnefndar (sjá punkt á basecamp) + drögin.

#### 6) Upplýsingafrelsið

Rætt um eignarhald á fjölmiðlum.

Niðurstaðan var að það er erfitt að eiga við þetta með lögum og reglum.

#### 8) Meiðyrðamálaflakk

EÝG ætlar að taka saman þróunina síðan 2012.

#### 9) Rafræn staðfesta

Mögulega heyrir þetta frekar undir starfshóp atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um hagnýtingu Netsins. HHH er fulltrúi stýrihópsins þar og mun taka upp málið á þeim vettvangi.

**10) 233. gr. a. alm. hgl.**

Umræður um hvort það eigi að bæta kynferði inn í upptalninguna.